


Sjálfsmatsskýrsla Flúðaskóla



Flúðaskóli
2020-2021

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 8. kafla er fjallað um mat og eftirlit með gæðum grunnskólastarfs.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfsins er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglur. Auka gæði náms og skólastarfs og tryggja að réttindi nemenda séu virt.

Hver grunnskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Grunnskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þau skulu jafnframt fylgja eftir að það mat leiði til umbóta í skólastarfi ef þess þarf.

Menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum. Það stendur einnig fyrir samræmdu námsmati í grunnskólum í 4., 7. og 9. bekk.

Sjálfsmat í Flúðaskóla veturinn 2020-2021

Ágúst/september starfsmannaviðtöl

Farið yfir stundatöflur og viðveruramma starfsmanna. Samtal stjórnenda og kennara um komandi vetur.

Október, samkvæmt sjálfsmatáætlun átti það vera stefnumótafundur varðandi innleiðingu tölva og tækni. Af þessum fundi/úttekt var ekki þar sem kennarahópurinn gat ekki fundað saman vegna Covid 19. Hins vegar hefur umsjónarmaður tölvumála yfirfarið tölvukost skólans og endurnýjaður hefur verið tæknibúnaður. Þá er staðan í l-pad málum þannig að árlega bætast við spjöld sem fara á yngsta- og miðstig. Allir nemendur í 6. og 7. bekk hafa nú merkt spjald til afnota.

Nóvember, til stóð að leggja fyrir nemendakönnun Skólapúlssins, en í ljósi aðstæðna og breytts skólastarfs vegna Covid-19 var ákveðið að gera það ekki.

Janúar, könnun gerð gegnum Mentor á líðan nemenda.

Allir nemendur svara könnun í Mentor er varða líðan þeirra. Farið yfir niðurstöður og þær ræddar í foreldraviðtölum í sama mánuði. Spurningar t.d. að líðan nemenda í ákveðnum kennslugreinum (t.d. hvernig líður þér í íþróttum), skipulagi (t.d. ég man geng frá eftir mig í lok kennslustundar), stundvísi (ég mæti á réttum tíma í kennslustundir) og að hegðun nemenda (t.d. ég geng frá eftir mig lok kennslustundar). Á unglingastigi eru að auki spurningar sem snúa að notkun Mentors og svefni nemenda. Dæmi um spurningar: ég nota Mentor til að fylgjast með heimavinnu og ég fer tímanlega að sofa á kvöldin.

Niðurstöður er á unglingastigi eru á þann veg að almennt líður nemendum alltaf eða næstum því alltaf vel í skólanum, sem er afar jákvæð niðurstaða.

Þar kemur einnig fram að nemendur telja að vinnufriður í bekkjum sé oft ekki nógu góður. Þá kemur fram að nemendur nota Mentorinn lítið til að fylgjast með heimavinnu.

Á yngri stigum líður nemendum einnig vel og þeir kvíða því ekki að mæta í skólann. Þetta eru afar jákvæðar niðurstöður þar sem líðan er foresenda þess að skólagangan sé jákvæð og gangi vel. Þó kemur fram í könnuninni að nemendur telja sig stundum verða fyrir ókurteisi af hálfu samnemenda, en átta sig flestir á að þeir lenda líka í að sýna ókurteisi.

Könnunin var lögð fyrir í janúar og kennarar yfirfóru hana og ræddu í foreldraviðtölum við nemendur og foreldra. Um þremur vikum síðar skiluðu svo kennarar samantekt til stjórnenda. Þar kom m.a. fram að með þessum vinnubrögðum þyrftu kennarar að rýna í niðurstöðurnar í heild út frá sem væri mjög jákvætt.

Mars, samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans stóð til að leggja starfsmannakönnun Skólapúlsins fyrir kennara. Vegna óvenjulegra aðstæðna í skólastarfi var ákveðið að gera þessa könnun ekki þetta skólárið, en leggja fyrir spurningalista í aðdraganda starfsmannaviðtala.

Apríl, starfsmannasamtöl

Í starfsmannaviðtölum er venja að ræða um líðan á vinnustað, vinnustaðabrag og væntingar til næsta skólaárs. Viðtölin byggja á spurningalistum sem sendir voru starfsmönnum og svarað rafrænt áður en til viðtals kom.

Meðal spurninga:

Hvað er það sem þér líkar best við starfið þitt?

Lang algengast var að fólki líkaði fjölbreytnin við starfið sitt best

Hvernig líður þér í starfi? Svarendur beðnir að merkja líðan sína á kvarða frá 1-10

Flestir merktu við líðan sína í 8 eða 9. Þetta er afar jákvæð niðurstaða og lýsir vel dugnaði og elju starfsmanna skólans við óvenjulegar aðstæður.

Hefur þú prófað eitthvað nýtt í kennslunni þinni í vetur? Ef já hvað? (lagt fyrir kennara)

Flestir kennarar skólans eru duglegir að prófa nýja hluti í kennslunni sinni. Má þar nefna að þeir hafa tekið inn Hugarfrelsið í auknu mæli, nýtt og prófað ný smáforrit, notað rafræna miðla, kennt nýjar kennslugreinar og leitað leiða til að auka áhugahvöt nemenda sinna. Hugarfrelsi stendur fyrir ýmis konar fræðslu, námskeiðum og fyrirlestrum þar sem börnum, unglingum, foreldrum og fagfólki er kennt að nota einfaldar aðferðir til að efla sjálfsmynd og vellíðan. Skólinn hefur unnið markvisst að þessu í vetur.

Hvernig gengur þér að vinna í samstarfi við aðra?

Flestir segja að þeim gangi vel að vinna í samstarfi við aðra og rekist sjaldan á vegg í þeim samskiptum.

Getur þú nefnt tvennt sem mætti gera betur í Flúðaskóla?

Áberandi var í svörum við þessari spurningu að kennara kalla meira eftir samþættingu námsgreina, sér í lagi á unglingastigi.

Þá voru allir beðnir um að lýsa starfsandanum og segja hvernig þeir gætu stuðlað að góðum starfsanda.


Flestir telja starfsandann í Flúðaskóla vera góðan og að hópurinn sé samheldinn. Þó má greina örlítinn núning milli stiga. Þá er nefnt að það að vera til taks fyrir samstarfsfélaga stuðli að góðum starfsanda.

Maí,


Hrunamannahreppur er heilsueflandi samfélag. Áherslan í ár er lögð á næringu. Nemendur, foreldrar og starfsmenn skólans fengu senda spurningakönnun varðandi mótuneyti skólans (matinn og aðbúnað). Vert er að taka fram að ekki eru allar spurningar alveg eins hjá hópunum. Í þessari skýrslu eru einungis nokkrir liðir teknir út og birtir hér. Matráður og stjórnendur skólans rýna í heildarniðurstöður og bregðast við þeim.

Foreldrar og starfsmenn voru spurðir hvort þeir væru ánægðir með matinn.


Svör starfsmanna



Svör foreldra




Svör *nemenda*-nemendur merkja við tölur á bilinu 1-5 á kvarðanum slæmur -mjög góður
slæmur Mjög góður




Helst athugasemdir sem koma fram hjá öllum hópunum eru að maturinn sé bragðlítill og að fjölbreytni mætti vera meiri. Einnig kemur fram hrós um góðan salatbar og ánægja með að eldað sé á staðnum.

Þrátt fyrir þetta sést í niðurstöðum að þegar foreldrar og starfsmenn eru spurðir hvort þeim finnst maturinn nægilega fjölbreyttur í skólamötuneytinu? að 69,9% foreldra telja að yfirleitt sé maturinn fjölbreyttur og 8,7% segja hann alltaf fjölbreyttan.



58,3% starfsmanna telja matinn yfirleitt fjölbreyttan og 33,3% alltaf.



Þegar rýnt er í niðurstöður vekur athygli að mikill munur er á svörum starfsmanna skólans sem borða í mötuneytinu annars vegar og foreldra (sem svara út frá börnum sínum) og nemenda hins vegar. Starfsfólk er almennt sátt við matinn, en allir starfsmenn sem svara könnuninni eru oftast ánægðir með matinn og 16.7% alltaf. Helmingur foreldra er yfirleitt ánægður með matinn og 8.3 % alltaf. Hins vegar eru 33.3% sjaldan ánægðir með matinn og 8,3% ekki ánægð.

38 nemendur velja valkost 1 eða 2 (gæti útlagst sem slæmur eða frekar slæmur

matur) 23 velja valkost 3 sem er á miðjunni (gæti útlagst sem hlutlaus) og 21 nemandi velur kost 4 eða 5 þar sem 5 er mjög góður (fjórir gætu þá útlagst sem frekar góður).

Mikilvægt er því að leggjast vel yfir þessar niðurstöður og finna leiðir til koma betur til móts við þarfir nemenda, en þó verður alltaf að hafa lýðheilsuáætlun að leiðarljósi.

Einnig var spurt um aðbúnað í matsal. Þar kemur fram að helst þyrfti að bæta hljóðvist og skipta út lúnum húsgögnum

Júní, starfs og stýrihópar skila skýrslum

Á skólaárinu eru starfandi: heilsueflandi hópur, hópur um tölvur og tækni, útikennsluhópur, læsishópur

Í skýrslunum kemur fram hvaða vinna hefur farið fram að frumkvæði hópanna. Í mörgum skýrslunum eru settar fram hugmyndir um nýjar leiðir og ábendingar um það sem betur mætti fara. Stjórnendur setja fram umbótaáætlun með hliðsjón af skýrslunum.